

71 fiskiveiðar í landhelgi. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu í dag, hafið þjer spurst fyrir 24. maí. um það,

- 1, hvort eigi nægi, til þess að þjer verðið álitinn hafa rjett til að reka fiskiveiðar í landhelgi við Ísland, að þjer byggðið hús og setjzt að hjer í landi, þannig að þjer alltaf stöðugt árið um kring haldið hjer dúk og disk, án tillits til þess hvort þjer getið ávallt verið staddur hjer sjálfur eða ekki.
- 2, hvort maður, sem er búsettur á Íslandi, og sem þar rekur fiskiveiðar á eigin kostnað, hafi eigi, samkvæmt landsyfirrjettardómi, er upp kveðinn var fyrir skömmu, rjett til að nota útlend skip til veiðanna.

Í tilefni af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður það, sem hjer fer eptir.

ad 1. Við þessari spurningu ber að kveða já.

ad 2. Rjettur sá, sem minnzt er á, er að vísu viðurkenndur af hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti í dómi, sem hann hefur upp kveðið fyrir skömmu, en með því að enn eigi er tekin ákvörðun um það, hvort skjóta skuli dómi þessum til hæstarjettar, verður eigi álitnið, að með honum sje til fullnaðar leyst úr spurningu þeirri, er þjer hafið borið upp.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um að 72 brýnt skuli fyrir lögreglustjórum að vaka yfir því, að lögunum um fiskiveiðar í 31. maí. landhelgi sje hlýtt. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 27. marz. þ. á, hafið þjer, herra amtmaður, skotið því til mín, hvort ekki muni ástæða til að koma því til leiðar, að konunglegur kommissarius verði útnefndur, sem falið yrði lögregluvald og dómsvald í öllum þeim málum, er snerta brot gegn lögum þeim, sem gilda um fiskiveiðar í landhelgi.

Útaf þessu læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, að jeg að vísu er yðursamdóma um, að miklir erfiðleikar sjeu á því að geta framfylgt tilhlýðilega hinum umgetnu lagaákvörðunum, en samt sem áður finn jeg ekki að svo komnu næga ástæðu til að hlutast til um, að gjörðar verði sjerstakar ráðstafanir í þessu tilliti, en bið yður að brýna fyrir hinum reglulegu lögreglustjórum, að þeim beri, hverjum í sínu lögsagnarumdæmi, af fremsta megni að vaka yfir því, að lögunum um fiskiveiðar í landhelgi, einsog hverjum öðrum gildandi lögum, sje hlýtt.

73 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um heimild til að sættast á þrætur um landamerki þjóðjarða. — Í þóknanlegu brjefi yðar, 31. maí. herra amtmaður, dags. 10. þ. m., hafið þjer spurst fyrir um það, hvort skilja beri svo fyrirmælin í brjefi landshöfðingja 28. júlí f. á. (Stjórnart. B. 167) i. f., að amtið eða umboðsmaður hafi heimild til að sættast á þrætur um landamerki þjóðjarða, sem kynnu að koma fram við samningu merkjalýsinga samkvæmt hinum nýju landamerkjälögum, parsem ágreiningsefnið eigi þætti þess vert, að höfðað væri mál útaf því, þannig að umboðsmaður í hvert skipti legði málið undir úrskurð amtsins.

Útaf þessu skal jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þar sem eiginleg þræta eða ágreiningur verður um landamerki þjóðjarða og annara jarða, býst jeg við að þjer leggið málið undir úrskurð minn með ítarlegum tillögum yðar, eða þá, ef ágreiningsefnið eigi varðar miklu, sættizt á málið að áskildu samþykki mínu eptir á.

74
31. maí.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um ný